

## Starfsreglur um djákna.

### 1. gr.

Djákna er skylt að sinna starfi sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubréfi, svo og samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber djákna að fara að ákvæðum ráðningarsamnings og erindisbréfs.

### 2. gr.

Djákna starfa á sviði fræðslu- og líknarmála. Djákna starfa innan safnaðar, stofnunar eða á vegum líknarfélags.

### 3. gr.

Biskup Íslands auglýsir laus störf djákna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknaarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

### 4. gr.

Vinnuveitandi skal gera skriflegan ráðningarsamning við djákna sem kveður á um starfsskyldur hans. Tilgreina skal sérstaklega í ráðningarsamningi hvaða störfum á sviði líknarog fræðslumála djákna ber að sinna. Drög að ráðningarsamningi skulu liggja fyrir þegar starfið er auglýst.

### 5. gr.

Þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknaarnefnd gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um söfnuði og sóknaarnefndir.

### 6. gr.

Djákna ber að hlýða löglegu boði yfirboðara síns.

### 7. gr.

Djákna ber að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

### 8. gr.

Djákni situr héraðsfundi í því prófastsdæmi sem hann starfar og hefur þar málfrelsi og atkvæðisrétt. Prófastur skal boða djákna prófastsdæmisins til héraðsfundar og annarra

funda á vegum prófastsdæmisins eftir því sem við getur átt svo og að mæta í starfsgæðaviðtöl hjá prófasti, nema forföll hamli eða nauðsyn banni.

9. gr.

Biskup setur djáknum erindisbréf.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um djákna nr. 738/1998, með síðari breytingum og starfsreglur um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003, með síðari breytingum.

*Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 24. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.